FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Enskugrunnur 2
Námsgrein:	enska
Viðfangsefni:	lesskilningur, málfræði, orðaforði
Skammstöfun:	ENSK1LO05
Þrep:	1
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í áfanganum eru grunnþættir tungumálanáms þjálfaðir. Lögð er áhersla á rétta málnotkun, að nemendur geti tjáð sig í töluðu og rituðu máli og geti tekið þátt í samræðum. Nemendur lesa stutta texta, smásögur, fréttaefni og efni af Netinu. Hlustun og myndefni notað sem efniviður í ýmiss konar æfingar.
Forkröfur:	Enskugrunnur 1 eða C á grunnskólaprófi
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • nokkrum undirstöðuatriðum enskrar málfræði • víðtækum orðaforða • enskri málnotkun • mismunandi málsniðum
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • tjá sig um einfalda hluti munnlega og skriflega • skilja talað mál um kunnugleg efni • skrifa samfelldan texta um kunnuglegt efni • nýta sér uppflettirit, s.s. orðabækur, og leitarvélar á Netinu
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • auka orðaforða sinn og samtalshæfni • kunna skil á helstu undirstöðuatriðum enskrar málfræði • afla sér upplýsinga og hagnýtt sér þær í námi • skrifa texta með viðeigandi málsniði
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.